



## Fundargerð

52. fundur lýðheilsuráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Tjarnargötu 12  
12. nóvember 2024, kl. 14:00

Viðstödd: Bjarney Rut Jensdóttir formaður, Anna Lydía Helgadóttir, Karítas Lára Rafnkelsdóttir, Jóhanna Björk Sigurbjörnsdóttir og Magnús Einþór Áskelsson.

Að auki sátu fundinn Hafþór Birgisson íþrótt- og tómstundafulltrúi og Íris Eysteinsdóttir ritari.

\* \* \*

### 1. Kynning á ráðgjafar- og virkniteymi (2024110101)

Hilma H. Sigurðardóttir, teymisstjóri ráðgjafar- og virkniteymis og Rannveig Erla Guðlaugsdóttir ráðgjafi í ráðgjafar- og virkniteymi mættu á fundinn og kynntu starfsemi teymisins.

Lýðheilsuráð þakkar góða kynningu.

### 2. Fundargerð Samtakahópsins 30. október (2024030167)

Fundargerð Samtakahópsins frá 30. október 2024 lögð fram.

### 3. Viðbragsáætlun íþrótt- og æskulýðsstarfs (2024110102)

Lýðheilsuráð fór yfir viðbragsáætlun íþrótt- og æskulýðsstarfs.

Lýðheilsuráð vill vekja athygli á greinum 4.1 og 4.2 þar sem fram kemur að öll neysla áfengis og annarra ávana- eða vímuefna er bönnuð hvar sem skipulagt íþrótt- og æskulýðsstarf fer fram.

### 4. Landsátak í sundi 1. - 30. nóvember 2024 (2024110103)

Lýðheilsuráð skorar á íbúa Reykjaneshæjar að taka þátt í hvatningarátakinu Syndum dagana 1. – 30. nóvember.

Hægt er að kynna sér hvatningarátakið nánar á vefsíðunni syndum.is.

### 5. Hvatning lýðheilsuráðs um notkun endurskinsmerkja (2024110107)

Lýðheilsuráð minnir foreldra á að hengja endurskinsmerki á sig og börnin nú þegar mesta skammdegið er í gangi.

## 6. Forvarnardagur gegn ofbeldi (2024050522)

Á dögnum stóðu Fjörheimar félagsmiðstöð, Unglingaráð Fjörheima og Samtakahópurinn fyrir vel heppnuðum forvarnardegi fyrir ungmenni í 9. bekk í grunnskólum Reykjanesbæjar. Áherslur voru á líðan og öryggi ungmenna í samfélaginu, þar sem áhyggjur af ofbeldi og vopnaburði meðal ungmenna hafa verið í brennidepli.

Ungmenni í unglíngaráði Fjörheima skipulögðu fræðsluna, ásamt því að taka virkan þátt í uppsetningu og framkvæmd forvarnardagsins.

Markmiðið var að skapa fræðandi og hvetjandi umhverfi þar sem ungmenni gætu fengið innsýn í mikilvægi forvarna og bættu líðan.

Á forvarnardeginum var boðið upp á fjóra áhugaverða fyrirlestra: Fyrirlestur um ofbeldi og vopnaburð, fyrirlestur frá barnavernd, fyrirlestur um vímuefnaneyslu og afleiðingar og fyrirlestur um sjálfstyrkingu.

Viðbrögð ungmenna voru mjög jákvæð og lýstu bæði ungmenni, starfsfólk skóla og skipuleggjendur ánægju sinni með daginn. Sérstakar þakkir til ungmenna í unglíngaráði Fjörheima.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:36